



Til menntaráðs

Kópavogi, 11. mars 2026
26031621/999.00 ABS

Fyrirspurn um opnunartíma og mönnun félagsmiðstöðva Kópavogs

Fulltrúi Samfylkingar í menntaráði hefur óskað eftir upplýsingum um opnunartíma og mönnun félagsmiðstöðva Kópavogs ásamt nemendafjölda í einstökum árgöngum, með vísan í framgang tillögu sem samþykkt var við gerð fjárhagsáætlunar 2026 um aukið miðstigsstarf og fjölgun föstudagsopnana í félagsmiðstöðvum bæjarins.

Undanfarna mánuði hefur farið fram umfangsmikil vinna við að kortleggja, þróa og efla frístundastarf félagsmiðstöðva. Markmiðið er annars vegar að bjóða upp á aukið, fjölbreyttara og markvissara miðstigsstarf og hins vegar að fjölga föstudagsopnunum. Frístundadeild, í samstarfi við stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðva, hefur skoðað mögulegar útfærslur þessara breytinga og mótað tillögu að aukinni þjónustu sem verður framkvæmd til reynslu á tímabilinu mars – maí.

Lögð verður áhersla á að skipuleggja faglegt starf, klúbba og smiðjur, sem höfða til barna á miðstigi. Forstöðumenn félagsmiðstöðva og frístundaleiðbeinendur munu móta þá dagskrá í samráði við börnin og frá og með næsta skólaári verður starfandi sérstakt miðstigsráð barna sem taka þátt í að skipuleggja dagskrá vetrarins fyrir þennan aldurshóp.

Að loknu innleiðingartímabili mars-maí verður reynslan metin með tilliti til þátttöku barna og unglinga, aðstöðu, vinnuskipulagi, skráningum í klúbbastarf og smiðjur og öðrum lykilþáttum sem munu móta mikilvægt forvarnarstarf félagsmiðstöðva á næstu árum.

Opnunartími félagsmiðstöðva á unglingastigi fyrir og eftir breytingar:

Núverandi :

Mánudagar	17:00-18:30 og 19:30-22:00
Miðvikudagar	17:00-18:30 og 19:30-22:00
Föstudagar	19:30-23:00 (annar hver föstudagur)

Eftir breytingu:

Mánudagar	17:00-18:30 og 19:30-22:00
Miðvikudagar	17:00-18:30 og 19:30-22:00
Föstudagar	19:30-23:00



Opnunartími félagsmiðstöðva fyrir miðstig fyrir og eftir breytingar:

Núverandi :

Miðvikudagar 17:00-18:30 vikulega árgangaskipt

Eftir breytingu:

Miðvikudagar 17:00-18:30 (sveigjanleiki á útfærslu)

Föstudagar 17:00-18:30.

Útfærslur opnana hafa verið og verða áfram mismunandi eftir félagsmiðstöðvum. Tvær félagmiðstöðvar eru með aðlögun barna í 4. bekk úr frístund yfir í félagsmiðstöð. Í sumum félagsmiðstöðum fá nemendur í 7. bekk einnig að mæta á fyrri opnanir hjá 8.-10. bekk eftir áramót.

Mönnun félagsmiðstöðva

Reiknilíkan stöðugilda í félagmiðstöðvum tekur mið af fjölda nemenda í hverjum skóla. Stöðugildin eru í dag á bilinu 2,6 til 4,1 í samræmi við fjölda nemenda á unglingastigi skóla, 8.-10. bekk. Í samvinnu við skrifstofu áhættu- og fjárstýringar er unnið að því að endurskilgreina reiknilíkan stöðugildaheimilda í félagsmiðstöðvum, með hliðsjón af fjárhagsáætlun og auknum opnunartímum fyrir miðstig.

Forstöðumenn félagsmiðstöðva munu endurskoða vinnuskipulag vakta í samráði við starfsfólk og aðlaga það að breytingum á þjónustu og opnunartíma. Gert er ráð fyrir að innleiðing hefjist í mars og ljúki í lok maí.

Félagsmiðstöðvar eftir skólum og núverandi stöðugildaheimildir:

Félagsmiðstöð	Staðsetning	Stöðugildi
Kúlan	Vatnsendaskóli og Hörðuvallaskóli	4,1
Pegasus	Álfhólsskóli	3,9
Fönix	Salaskóli	3,4
Þeba	Smáraskóli	3,0
Ekkó	Kársnesskóli	3,4
Dimma	Vatnsendaskóli	3,4
Jemen	Lindaskóli	2,6
Igló	Snælandsskóli	2,6
Kjarninn	Kópavogsskóli	2,6



Fjöldi nemenda í grunnskólum eftir árgöngum skólaárið 2025-2026:

Fjöldi nemenda í grunnskólum Kópavogs													
		211	212	214	215	217	218	219	220	221	222	223	
Börn fædd	Bekkur	Kópavogsskóli	Kársnesskóli	Barnaskóli Kárs	Snælandsskóli	Salaskóli	Smáraskóli	Lindaskóli	Hörðuvallaskóli	Vatnsendaskóli	Alfhóllsskóli	Kóraskóli	Samtals
2019	1.	41		84	41	42	56	43	77	42	59		485
2018	2.	43		58	51	38	45	36	74	48	52		445
2017	3.	31		74	48	27	41	53	62	47	51		434
2016	4.	25		76	38	53	43	44	80	54	55		468
2015	5.	54	56		48	49	41	48	75	51	49		471
2014	6.	32	65		61	57	47	31	76	41	62		472
2013	7.	56	74		50	60	51	51	69	56	62		529
2012	8.	51	79		33	41	61	48		59	75	80	527
2011	9.	41	59		55	50	56	46		66	45	95	513
2010	10.	47	67		46	76	59	35		66	72	104	572
Fjöldi nemenda		421	400	292	471	493	500	435	513	530	582	279	4.916

Á núverandi skólaári eru nemendur á miðstigi 1.472 talsins og unglingastigi 1.612, samtals 3.084

Virðingarfyllst,

Victor Berg Guðmundsson
Deildarstjóri frístundadeildar

